

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla - og frístundasvið

Börn 6/9 mánaða til 36 mánaða

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra, reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu www.reykjavik.is/skoliogfristund.

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

I – REKSTRARFRAMLAG

1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 6/9 mánaða aldri til 36 mánaða

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að frá greitt herra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknun leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknun leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássna í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.10. 2023
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	82. 214kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	41.107 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.10.2023
Pr. dvalargildi á mánuði	19.001 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks¹ í leikskólanum sé 66,9 %². Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %³ fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80 %.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. samningsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.⁴

II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	30.192 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	16.596 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

¹ Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sækji enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstoðarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008.

² Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

³ Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

⁴ Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfsætt starfandi leikskóla.

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS LEIKSKÓLASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2023:

Ungbarnaskólar											
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK	
Stuðull:				0,294%							
M.v. 69,9 % faghlutfall											
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	66,90%	19.001	82.214	33.192	419.422	73.214	346.208	
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	66,90%	19.001	82.214	33.192	358.619	73.214	285.405	
Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum											

Barngildisstuðull⁵ miðast við árgang og uppfærast í september ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2021 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2023 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2021.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs www.reykjavik.is/skoliogfristund. Vakin er athygli á að hærra framlag er ekki veitt afturvirk.

V – GJALDSKRÁ UNGBARNALEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

⁵ Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Gjaldskrá ungbarnaleikskóla vegna barna undir 36 mánaða aldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 2,15.

VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.